

T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum
um val og veitingu prestsembættanna nr. 144/2016, með síðari breytingum
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af biskupi Íslands
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 13. gr. starfsreglnanna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo: Atkvæðisbær sóknarbörn teljast þau sem skráð eru í þjóðkirkjuna í prestakalli samkvæmt þjóðskrá og eru fullra 16 ára við birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaði um laust embætti sóknarprests eða prests í prestakalli.

Nú kemur fram ósk, innan fimm daga frá birtingu auglýsingar, a.m.k. fimm atkvæðisbærra sóknarbarna um að almenn kosning skuli fara fram í prestakalli, eftir að embætti prests hefur verið auglýst laust til umsóknar. Skal þá biskupsstofa svo skjótt sem auðið er gefa atkvæðisbærum sóknarbörnum í prestakallinu kost á því að óska eftir almennri kosningu með rafrænni undirritun. Notast skal við öruggan hugbúnað og þ. á m. nota almenna innskráningarþjónustu s.s. rafræn skilríki eða Íslykil Þjóðskrár Íslands. Skal sóknarbarn auðkenna sig á fullnægjandi hátt áður en undirritað er rafrænt. Skal vera unnt að undirrita samkvæmt framanskráðu uns umsóknarfrestur um prestsembætti rennur út.

Hafi að lágmarki fjórðungur atkvæðisbærra sóknarbarna undirritað ósk um almenna prestskosningu skal orðið við henni. Aldrei er þó þörf fleiri undirritana en fimm hundruð atkvæðisbærra sóknarbarna.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 39. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við starfsreglur þessar.

Þjóðkirkjulög mæla fyrir um rétt sóknarbarna til að kjósa sóknarprest eða prest enda sá réttur mikilvæg grunnstoð í skipulagi kirkjunnar. Sérstaklega þegar haft er í huga

að réttur sóknarbarna til að kalla prest til þjónustu er ekki lengur fyrir hendi eins og var áður. Hagnýting þessa réttar verður að vera tiltölulega aðgengileg sóknarbörnum og kerfið má ekki hindra það að réttur þessi sé virkur. Kjörskrá við prestskosningar er rafræn og sömuleiðis geta prestskosningar verið rafrænar. Það skýtur því skökku við að sá hluti málsmeðferðar sem lýtur að beiðni um kosningar sé það ekki einnig. Núverandi regluverk um kosningar er að þessu leyti gamaldags þ.e. að notast við undirskriftalista í stað rafrænna undirritana.

Efast má um að kerfið standist kröfur nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, með síðari breytingum, að óbreyttu. Vegna kröfu um að fjórðungur atkvæðisbærra sóknarbarna verði á fjórtán dögum að undirrita skriflega beiðni um almenna prestskosningu er nánast útilokað að koma á almennri prestskosningu í fjölmönnum prestaköllum. Þau prestaköll eru eðli máls samkvæmt í þéttbýli. Það er ranglátt kerfi sem mismunar sóknarbörnum eftir því í hvaða prestakalli viðkomandi býi. Meiri hluti þjóðkirkjumanna er í raun útilokaður frá því að nýta framangreindan grundvallarrétt og þá einkum þeir sem búa í þéttbýli.

Með hliðsjón af þeim sameiningum prestakalla sem orðið hafa og áformaðar eru, sem gera prestraköll miklu fjölmennari en áður, er enn nauðsynlegra en áður að laga regluverk þjóðkirkjunnar að þeim breytta veruleika, ef almennar prestskosningar eiga að vera raunhæft úrræði.

Helstu breytingar sem þessi tillaga felur í sér eru eftirfarandi:

1. Ferli er gert rafrænt þ.e. undirritanir. Þannig er auðveldara fyrir flesta að tjá vilja sinn ef áhugi er á því og persónuvernd er miklu betur tryggð.
2. Áskilnaður er um að fimm menn standi að beiðni um könnun á vilja sóknarbarna til að láta almenna prestskosningu fara fram.
3. Sá tími sem sóknarbörn hafa til að undirrita verður lengdur þ.e. til loka umsóknarfrests en ekki fjórtán dagar.
4. Aldrei þarf fleiri en fimm hundruð undirritanir til að almenn prestskosning fari fram.